

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 68/2011

2011/EES/54/10

frá 1. júlí 2011

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2010 frá 9. desember 2010 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1162/2010 frá 9. desember 2010 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 54zzzzt (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54zzzzu. **32010 R 1161**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2010 frá 9. desember 2010 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 326, 10.12.2010, bls. 59),

54zzzzv. **32010 R 1162**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1162/2010 frá 9. desember 2010 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 326, 10.12.2010, bls. 61).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1161/2010 og 1162/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 326, 10.12.2010, bls. 59.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 326, 10.12.2010, bls. 61.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.